

## 10. stjórnarfundur EBAK þriðjudaginn 28. feb 2023 kl. 16.

**Mætt:** Hallgrímur Gíslason formaður, Friðrik Vagn Guðjónsson, Helgi Aðalsteinsson, Helga Eymundsdóttir, Birgir Björn Svavarsson, Margrét Marvinsdóttir, Elín S. Antonsdóttir, Sigurður Harðarson og Torfhildur Þorgeirsdóttir.

Fjarverandi: Eva B. Magnúsdóttir.

### Fundargerð:

1. **Formaður setti fund kl. 16:05.**
2. **Fundargerð stjórnar frá 7. febrúar tekin fyrir og samþykkt.**
3. **Næsti stjórnarfundur ákveðinn þriðjudaginn 14. mars kl. 16.**
4. **Viðvera**
  - a. 1. mars. Birta – Margrét Marvinsdóttir
  - b. 1. mars, Salka - Birgir Björn Svavarsson
  - c. 8. mars. Birta - Friðrik Vagn Guðjónsson
5. **Starfsemin**
  - a. Fram kom að vegna mikillar aðsóknar í þúttið verður að skipta í fleiri hópa. Samþykkt að vísa til golfnefndar.
  - b. Hallgrímur tilkynnti að þeir Sigurður hefðu samþykkt í samráði við Höllu Birgisdóttur að leyfa hópi félaga, sem hafa áhuga á snóker, að nýta húsnæðið í Birtu á laugardagsmorgnum. Stjórn var búin að hafna erindinu vegna hugsanlegra framkvæmda á húsnæðinu, en ekkert verður af þeim og því eru forsendur breyttar. Rætt var hvort stjórn þyrfti að samþykkja ákvörðunina. Torfhildur óskar að eftirfarandi verði bókað: *Torfhildur mótmælti þessari samþykkt enda var stjórnin búin að samþykkja að þetta yrði ekki leyft. Ef búið er að leyfa þetta þrátt fyrir þá samþykkt þá þyrfti að láta ræstingakonuna vita af þessari opnun.*
  - c. Fulltrúar framsóknar í bæjarstjórn komu til fundar við hluta stjórnar, Hallgrím, Sigurð og Elínu og áttu góðar viðræður um byggingar og skipulag bæjarins.
6. **Húsnæðismál**

Hallgrímur sagði frá fundi sem þeir Sigurður ásamt Margréti Pétursdóttur áttu með Eiríki Haukssyni hjá Búfesti varðandi byggingar fyrir eldri borgara í Holtahverfi.
7. **Aðalfundur**
  - a. Uppstillingu í stjórn og nefndir næsta tímabils er nánast lokið. Þá er gert ráð fyrir skilum á skýrslum nefnda til stjórnar fyrir 12. mars. Torfhildur vildi bóka að það væri miður að ekki hefði verið tekið yngra fólk en 70+ inn í stjórn EBAK fyrir næsta starfsár þar sem flestir sem sækja um félagsaðild eru 60 ára. Mikilvægt sé að fá yngra fólk með í félagsstarfið. Það fékk góðar undirtektir, en uppstillinganefnd tókst ekki að fá yngra fólk inn þrátt fyrir að hafa reynt það.

- b. Auglýsingar fara í birtingu 8. mars. Þær verði hengdar upp í Birtu og Sölku og lögð sérstök áhersla á að fundurinn verði í Naustaskóla.
- c. Aðalfundurinn verður haldinn í Naustaskóla
- d. Farið var yfir tillögur að breytingum á samþykktum, sem þarf að afgreiða á fundinum.
- e. Drög að ályktunum aðalfundar voru rædd.
- f. Á fundinum þarf að ákveða upphæð árgjalda 2023 og 2024. Jafnframt verði afsláttarkort ekki afhent fyrr en við greiðslu árgjalds.

## 8. Önnur verkefni

- a. Heilsuefling. Rætt var um lýðheilsukortin og Virk efri ár sem farið er af stað að hálfu bæjarins. Þátttaka fer rólega af stað en lofar góðu
- b. Hallgrímur sagði frá verkefnum öldungaráðs ásamt fyrirhugaðri kynningu Akureyrarbæjar á starfsemi bæjarins fyrir bæjarbúa sem verði sjötugir á árinu. Kynningin er áætluð í september. Ákjósanlegt væri að hafa slíka kynningu árlega.

## 9. Önnur mál

- a) Lögð var fram eftirfarandi tillaga um þátttöku í þróunarverkefni:  
„Félag eldri borgara á Akureyri (EBAK) og öldungaráð leggja til að bæjarstjórn Akureyrarbæjar leitist eftir þátttöku í skilgreindu þróunarverkefni um samþættingu félags- og heilbrigðisþjónustu, sem veitt er eldra fólki í heimahúsum undir sameiginlegri mannafla- og fjármálastjórn.  
Verkefninu eru gerð skil í liðum A1- A7 í tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um þjónustu við eldra fólk 2023-2027. Þá tillögu á að afgreiða á Alþingi vorið 2023.“  
Stjórn EBAK samþykkti tillöguna.
- b) Athugasemdir og umræður voru um notkun á afsláttarkortum. Sigurður tók að sér að skoða það mál.

Fleira ekki gert, fundi slitið um kl. 18.

Fundargerð ritaði Elín S. Antonsdóttir